

64 Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92/1935, um meðferð, 7. júní verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1944.*

Vilhjálmur Þór.

*Gunnl. E. Briem.*

65

26. júní

## REGLUGERÐ

um skyldu til að halda eftir af kaupum upp í skattgreiðslur.

### 1. gr.

Nú hefur skattgreiðandi ekki greitt tekju- og eignarskatt sinn til rikissjóðs að fullu á réttum gjalddaga, sem er á manntalsþingi ár hvert, og skal kaupgreiðanda hans þá skylt samkvæmt kröfu innheimtumanns skattanna að halda eftir af kaupum skattgreiðanda nægilegri fjárhæð til greiðslu á hinum vangoldnu sköttum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Orðið kaup í reglugerð þessari tekur til hvers konar kaups, launa eða annarar þóknunar, þ. á m. eftirlauna og styrktarfjár, og það jafnt hvort greiðslan er samkvæmt vinnusamningi, verksamningi (akkorði), eða öðrum samningum eða ákvörðunum.

Kaupgreiðandi telst sérhver sá, er innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort sem er fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar.

### 2. gr.

Til lúkningar greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. gr., skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{1}{5}$  af því kaupum, sem til útborgunar á að koma í hvert sinn, ef í hlut á skattgreiðandi, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{1}{3}$ . Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu hlunnindi þessi þá talin með, þegar út er reiknaður sá hluti kaupsins, sem eftir skal haldið til skattgreiðslu, og á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.

### 3. gr.

Kaupgreiðandi, sem fyrir hefur verið lagt á þann hátt, sem um ræðir í 1. gr., að halda eftir af kaupum, skal við næstu útborgun — þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, og framvegis við útborganir, þar til hin umkröfðu gjöld eru að fullu greidd, draga af kaupum skattgreiðanda þann hluta þess, sem heimilt er að halda eftir samkvæmt 2. gr., og skal hverri þeirri fjárhæð, sem þannig er haldið eftir, skilað innheimtumanni innan tveggja virkra daga frá hverjum útborgunardegi talið, og er sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

### 4. gr.

Allir kaupgreiðendur skulu, þegar innheimtumaður skattanna krefst þess, skyldir til að láta honum í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem innheimtumaður óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er gera skal kröfu um greiðslu skatta af kaupum.

Krefjast má innheimtumaður framangreindra skýrslna með munnlegri kröfu

eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og skulu skýrslurnar lánar í té innan þess tíma, er innheimtumaður ákveður. 65

26. júní

Allir þeir, sem hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu, ef þess er krafizt af innheimtumanni, skyldir til að senda honum afrit af kaupgjaldsskrám sínum það snemma, að unnt sé að gera kröfu um skattgreiðslur þeirra, er við kaupinu eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.

## 5. gr.

Nú hættir skattgreiðandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslur upp í skatta hans og skattarnir eru ekki að fullu greiddir, og skal kaupgreiðandi þá án tafar tilkynna innheimtumani brottför skattgreiðanda og skila fé því, er eftir hefur verið haldið, ásamt tilheyrandi innheimtuskjöllum.

## 6. gr.

Skattgreiðandi eða kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið að skattar skulu greiddir af kaupi skattgreiðanda.

Ef kaupgreiðandi:

## 7. gr.

- a. vanrækir að láta innheimtumanni í té umkraðar skýrslur og upplýsingar um skattgreiðendur innan tiltekens frests;
- b. greiðir skattgreiðanda kaup, án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt reglugerð þessari;
- c. skilar eigi til innheimtumanns svo sem segir í 3. gr.;
- d. tilkynnir ekki innheimtumanni, svo sem segir í 5. gr., brottför skattgreiðanda; þá ábyrgist hann sem eigin skuld þá upphæð, sem var eða hefði getað verið haldið eftir hjá skattgreiðanda upp í skattgreiðslur hans, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt reglugerð þessari.

## 8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga nr. 6 frá 9. júní 1935, um tekju- og eignarskatt, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 25 frá 28. janúar 1941.

*Fjármálaráðuneytið, 26. júní 1944.*

**Björn Ólafsson.**

*Magnús Gíslason.*

## REGLUGERÐ

um mat og eftirlit með útflutningi á ísvörðum fiski.

66

26. júní

## 1. gr.

Fiskiskip eða bátar, er veiða fisk, sem ætlaður er til útflutnings ísaður, eða til frýstingar hér á landi, skulu hafa hreinar og sléttar lestir, svo að fiskurinn merjist ekki á slám eða ójöfnum. Lestirnar séu með hæfilega stórum stíum og neðst í þeim þéttrimlaðar grindur, sem blóð og vatn getur runnið gegnum. Skjólþil úr rimlum skal haft við vélarrúmið. Lestir og skilrúm skulu máluð eða lakkborin ekki sjaldnar en einu sinni á ári.